

Sveitarstjórnarfundur 22. mars 2021

Mánudaginn 22. mars 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 29. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Eva K. Reynisdóttir, Arnlín Óladóttir, Margrét Bjarnadóttir og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Eva Katrín Reynisdóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 29. fundar:

1. Fundargerð 28. sveitarstjórnarfundar 27.1.2021
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Yfirlýsing vegna línúvildunar
5. Kynning vegna sameiningar
6. Brunavarnaáætlun sveitarfélagsins
7. Stefna um meindýraeyðingar
8. Framkvæmdir sumarið 2021
9. Skólamáltíðir
10. Leiga á kennaraíbúð
11. Heimasíða Kaldrananeshrepps
12. Starfsemi skrifstofustarfs
13. Fenders fyrir Drangnesbryggju
14. Endurmat á náttúruhamfaratryggingu
15. Reikningsskil sveitarfélaga – breyting á reglugerð
16. Samband íslenskra sveitafélaga – ofgreiðsla 2020
17. Uppgjör skipulagsfulltrúa 2020
18. Viðbragðsáætlun hafna 2021
19. Eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands
20. Bréf frá Félagsmálaráðuneyti
21. Íbúaskrá 1. desember 2020
22. Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar 2020
23. Breytingar á barnaverndarlögum
24. Almannavarnir og Covid-19

Fundargerð:

1. Fundargerð 28. sveitarstjórnarfundar 27.1.2021

Oddviti gerði grein fyrir afgangi mála frá síðasta fundi.

2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundur Fræðslunefndar 15.03.2021.
Fundargerðir lagðar fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir
- b. Fundur umhverfis- byggingar og skipulagsnefndar 22.03.2021.
Fundargerðir lagðar fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir

3. Aðrar fundargerðir

- a. Fjórðungssamband Vestfirðinga, fundargerð stækkaðar samgöngunefndar, 01.03.2021.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- b. SÍS, 5. samráðsfundur skólateymis, fræðslustjóra og sveitarstjóra þar sem ekki eru starfandi skólaskrifstofur, 26.01.2021.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- c. SÍS, 6. samráðsfundur skólateymis, fræðslustjóra og sveitarstjóra þar sem ekki eru starfandi skólaskrifstofur, 26.01.2021.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- d. SÍS, stöðuskýrsla nr. 10 um uppbyggingu félags- og atvinnumála, 28.02.2021.
Skýrsla lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- e. SÍS, stöðuskýrsla nr. 11 um uppbyggingu félags- og atvinnumála, 05.03.2021.
Skýrsla lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- f. 33. stjórnarfundur Vestfjarðarstofu, 27.01.2021.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga, 893. fundar stjórnar, 16.12.2020.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga, 894. fundar stjórnar, 29.01.2021.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Yfirlýsing vegna línuvílnunar

Sveitarstjórn ákveður að fresta lið til næsta fundar.

5. Kynning vegna sameiningar

Stjórnarráð Íslands hélt kynningarfund um framlög vegna sameiningu sveitarfélaga. Glærur frá kynningarfundinum eru lagðar fram til kynningar.

6. Brunavarnaáætlun sveitarfélagsins

Húsnæðis og Mannvirkjastofnun óskar eftir samþykki fyrir brunavarnaáætlun hjá sveitarfélaginu.

Slökkviliðsstjóra falið að svara erindi.

Eva Katrín og Halldór Logi víkja af fundi vegna vanhæfis og Finnur tekur við ritun fundargerðar.

7. Stefna um meindýraeyðingar

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að gerðar verði nýjar samþykktir fyrir refa og minka veiðar fyrir sveitarfélagið. Oddvita falið að gera uppkast af nýjum samþykktum fyrir næsta sveitarstjórnarfund, samkvæmt umræðum á fundinum.

Oddviti átti fund með ráðnum meindýraeyðum sveitarfélagsins til að ræða málin.

Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

Núverandi samningur endurnýist fyrir árið 2021 með eftirfarandi breytingum meðan nýjar samþykktir verði gerðar. Vegna refa: verð fyrir unnið greni verði 17.000 kr og fyrir að gá á þekkt grenstæði verði greiddar 2.000 kr. Verð fyrir hlaupadýr verði 8.000 kr.

Vegna minka: Greiðsla fyrir unninn mink 3.000 kr. á dýr en til ráðinna meindýraeyða verði greidd 4.000 kr. á dýr. Greiðsla fyrir hvolpafulla læðu 15.000 kr. á dýr. Tímakaup ráðinna veiðimanna 1.615 kr./klst. og akstur 110 kr./km.

Borið upp og samþykkt.

Eva Katrín og Halldór Logi mæta aftur á fundinn, Eva tekur við ritun fundargerðar

8. Framkvæmdir sumarið 2021

Oddviti gerði grein fyrir framkvæmdum sumarsins, ljósleiðaravæðingu hreppsins og aðrar framkvæmdir ræddar.

Eva Katrín vísar af fundi vegna vanhæfis og Finnur tekur við ritun fundargerðar.

9. Skólamáltíðir

Skólastjóri hefur óskað eftir tilboði í hádegismat til nemenda og starfsfólks í grunnskólanum. Tilboð hefur borist og lagt er fyrir sveitarstjórn. Tilboðið hljóðar upp á 1.000 kr. per einstakling. Sveitarstjórn fellur skólastjóra að kanna hug foreldra um greiðsluþátttöku að helming og ákveður að taka því tilboði með fyrirvara um samþykki foreldra.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Eva Katrín tekur aftur við ritun fundargerðar.

10. Leiga á kennaraíbúð

Nokkur erindi hafa borist til sveitarfélagsins um að fá Aðalbraut 10 leigða. Oddvita falið að bregðast við umsóknum í samræmi við vilja sveitarstjórnar. Borið upp og samþykkt.

11. Heimasíða Kaldrananeshrepps

Umræða fór fram um stefnu sveitarstjórnar í endurnýjun á heimasíðu hreppsins. Mikilvægt er að uppfæra vefinn. Ákveðið var að leita tilboða við gerð nýrrar heimasíðu.

12. Starfsemi skrifstofustarfs

Kaldrananeshreppur auglýsti eftir starfsmanni á skrifstofu í 50% starf þann 28.01.2021. Helstu verkefni eru skilgreind sem :

- utanumhald um bókhald, reikningagerð og umsjón með tekjuöflun
- skjalavarsla, utanumhald um fundi og birtingar á vefsíðu
- afgreiðsla daglegra fyrirspurna, upplýsingagjöf til íbúa og móttaka á skrifstofu
- almenn skrifstofustörf og önnur tilfallandi verkefni sem oddviti felur starfsmanni

Hreppnum barst ein umsókn vegna umrædds starfs. Sveitarstjórn staðfestir ráðningu Borið upp og samþykkt samhljóða.

13. Fenders fyrir Drangnesbryggju

Vegagerðin sendi sveitarfélaginu grófa áætlun vegna D fendera fyrir Drangnesbryggju.

Lagt fram til kynningar.

14. Endurmat á náttúruhamfaratryggingu

Náttúruhamfaratrygging Íslands kynnir endurmat vegna mannvirkja sem skylt er að váttryggja hjá NTÍ.

Lagt fram til kynningar.

15. Reikningsskil sveitarfélaga – breyting á reglugerð

Þann 23.02.2021 auglýsti Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið breytingar á reikningsskilum og ársreikningagerðar sveitarfélaga í samræmi við 3. mgr. 20. gr.

Lagt fram til kynningar.

16. Samband íslenskra sveitarfélaga – ofgreiðsla 2020

Staðgreiðsla sveitarfélagsins á árinu 2020 og uppgjör lagt fram til kynningar.

17. Uppgjör skipulagsfulltrúa 2020

Uppgjör skipulagsfulltrúa lagt fram til kynningar.

18. Viðbragðsáætlun hafna 2021

Viðbragðsáætlun hafna lögð fram og borin upp og samþykkt samhljóða.

19. Eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands

Óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins til eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafn Íslands um skjalavörslu, skjalastjórn og afhendingarskyldu sveitarstjórnarskrifstofa.

Oddvita falið að svara erindinu.

20. Bréf frá Félagsmálaráðuneyti

Félags- og barnamálaráðherra kynnir sérstakan stuðning til ráðgjafar um viðeigandi þjónustu við börn með þroska- og geðraskanir.

Bréf lagt fram til kynningar.

21. Íbúaskrá 1. desember 2020

Íbúaskrá lögð fram til kynningar.

22. Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar 2020

Jafnréttisstofa kynnir ný lög sem lúta að jafnréttismálum um jafnan rétt kynjanna.

Lagt fram til kynningar.

23. Breytingar á barnaverndarlögum

Sveitarstjórn fer yfir breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Fundarefni og glærur eru lagðar fram til kynningar.

24. Almannavarnir og Covid-19

Sveitarstjórn fer yfir nýjustu sóttvarnarráðstafanir fyrir starfsemi sveitarfélaga og leggur nýjustu reglugerðir og leiðbeiningar fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 23:20